



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 23. maí 2018

Ákvörðun nr. 13/2018

Sameiginlegt verkefni Samherja Íslands hf., HB Granda hf., Vísis hf. og Þorbjarnar hf. um framleiðslu á kollagen

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 31. janúar 2018 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir stofnun sameiginlegs verkefnis Samherja Íslands hf. (Samherji), HB Granda hf. (HB Grandi), Vísis hf. (Vísir) og Þorbjarnar hf. (Þorbjörn) um framleiðslu á kollagen úr fiskroði og beinum. Nánar tiltekið sé um það að ræða að framangreind útgerðafélög hafi í hyggju að leggja félaginu Collagen ehf. (Collagen) til nýtt hlutafé svo félagið geti framleitt kollagen til endursölu.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til samrunaaðila, dags. 9. febrúar 2018, var tilkynnt að framangreind samrunatilkynning væri ófullnægjandi og nauðsynlegt væri, kjósi samrunaaðilar að tilkynna samruna að nýju, að það sé gert í formi lengri tilkynningar, sbr. 2. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Ný og lengri samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu þann 9. mars 2017. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í hluthafasamkomulagi eru gerðir fyrirvarar um að fyrir liggji samþykki Samkeppniseftirlitsins um stofnun sameiginlegs verkefnis til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins til samrunaaðila þann 20. mars sl. var tilkynnt að samrunatilkynningin frá 9. mars teldist fullnægjandi og að lögbundnir tímafrestir eftirlitsins byrjuðu að líða frá og með 12. mars 2018, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Þá tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum með bréfi, dags. 18. apríl 2018, að eftirlitið taldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 17. gr. d samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með tölvupóstum þann 21. og 22. mars 2018 gaf Samkeppniseftirlitið Skinnfiski ehf., S. Iceland ehf., Artic snakk ehf., Nesfiski ehf. og Kerecis ehf. kost á að veita umsögn um samrunatilkynninguna sem þeim var send án trúnaðarupplýsinga. Engin skrifleg umsögn barst Samkeppniseftirlitinu frá framangreindum aðilum.



II.

Samruninn

Eins og framfar segir hafa Samherji Ísland, HB Grandi, Vísir og Þorbjörn komið sér saman um að stofna félagið Collagen um framleiðslu samnefnds efnis og skyldra efna ásamt því að leggja félaginu til hlutafé. Kemur fram í samrunatilkynningu að spænska félagið Juncá muni auk þess leggja til þekkingu á framleiðslunni og verða fimmti hluthafinn. Framangreind útgerðafélög hafi í hyggju að leggja félaginu Collagen til nýtt hlutafé svo félagið geti framleitt kollagen til endursölu. Eignarhlutir þeirra muni verða jafnstórir auk þess sem félagið Juncá Gelatines S.L. (Juncá) eignist 10,8% hlut. Juncá, sem sé spænskt félag, leggi til þekkingu við framleiðslu Kollagens og öðrum eignum sem Collagen muni framleiða.

Samrunaaðilar telja að um sé að ræða samuna með stofnun sameiginlegs verkefnis og segja að eftirfarandi sjónarmið vegi þar þyngst miðað við leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar ESB:

1. Hvort fyrir hendi sé fullnægjandi aðstaða til þess að starfa með sjálfstæðum hætti á markaðnum. Hér sé átt við að viðkomandi fyrirtæki þurfi að vera fjármagnað með þeim hætti og þannig mannað að það geti starfað sjálfstætt. Í því felist ekki að bráðnauðsynlegt sé að allir starfsmenn séu fastráðnir starfsmenn fyrirtækisins, t.d. ef stofnendur félagsins leggi því til starfsfólk meðan uppbygging félagsins eigi sér stað.
2. Fyrirtækið þarf að sinna fleiru en afmarkaði starfsemi fyrir eigendur sína. Ef stofnað er sjálfstætt félag um rannsóknir og þróun án þess að félagið hafi sjálfstæða starfsemi á markaði væri almennt ekki um tilkynningarskyldan samruna að ræða.
3. Samskipti við eigendur. Ef félag selur allar vörur til eigenda sinna til endursölu yrði almennt litið svo á að ekki sé um samruna að ræða. Ef fyrirtækið hins vegar selji umtalsverðan hluta og jafnvel meira en helming framleiðsluvara til þriðju aðila væri almennt litið svo á að um samruna væri að ræða. Hér kunna að skipta máli áform eða áætlanir þeirra sem að félaginu standa enda óvíst með það hvernig til tekst með sölu fyrirfram.
4. Hversu varanlegt fyrirtækið er. Sé félag stofnað beinlínis til þess að það verði lagt niður þegar tilteknu markmiði er náð (t.d. þegar búið er að byggja verksmiðju) yrði almennt ekki litið svo á sem um sjálfstæða efnahagseiningu sé að ræða.
5. Skilgreining á samstarfsverkefni getur breyst verði breytingar í starfsemi félagsins. Félag sem ekki var talið sjálfstæð efnahagseining getur orðið það ef breytingar verði í starfsemi hennar svo sem vegna þess að hlutafé er aukið þannig að félagið geti eftirleiddis starfað sjálfstætt.

Að mati samrunaaðila þá fullnægir Collagen framangreindum skilyrðum til þess að teljast sjálfstæð efnahagsleg eining. Verksmiðju Collagen sé ætlað að starfa í sérstöku húsnæði óháð eigendum og að félaginu verði skipuð sjálfstæð stjórn. Verði Collagen skipað starfsfólki sem muni annast framleiðslu á kollageni til sölu hér á landi og til útflutnings. Þá muni Collagen ekki taka yfir neina starfsemi sem fram fari á vegum eigenda félagsins og verði allar ákvarðanir um rekstur og stefnu félagsins teknar með sjálfstæðum hætti.

Markaðir málsins



Samrunaaðilar benda á að Samkeppniseftirlitið hafi í öðrum samrunamálum skilgreint veiðar sem sjálfstæðan markað og vinnslu sem annan markað. Eins hafi verið talin ástæða til að skipta þeim mörkuðum frekar eftir afurðum. Að mati samrunaaðila sé ástæðulaust að gera það hér í þessu máli þar sem það hafi ekki efnislega þýðingu fyrir þann samruna sem um er að ræða. Að mati samrunaaðila varði samruninn fyrst og fremst vinnslu afurða úr roði og öðrum hlutum fisks sem almennt sé hent. Taka samrunaaðilar fram að óhjákvæmilegt sé að veiða fisk í heilu lagi og séu útgerðir almennt reiðubúnar til þess að selja alla hluta fisksins fáist fyrir þá ásættanlegt verð. Gildi að þessu leyti hið sama um hausea, flök, roð og bein.

Með hliðsjón af framangreindu telji samrunaaðilar að samruninn hafi fyrst og fremst áhrif á eftirfarandi mörkuðum í skilningi reglna um tilkynningu samruna nr. 684/2008.

1. Markaðnum fyrir veiðar á fiski
2. Markaðnum fyrir sölu á sjávarfangi
3. Markaðnum fyrir sölu á kolageni

Að mati samrunaaðila hafi samruninn ekki áhrif á öðrum mörkuðum.

Hvað landfræðilega markaði varðar telji samrunaaðilar að ætla megi að markaðurinn fyrir veiðar sé bundinn við Ísland enda lúti þær íslenskum lögum. Hvað varðar markaðinn fyrir sölu á sjávarfangi telji samrunaaðilar hins vegar að rétt sé að líta til stærra landsvæðis, t.a.m. allrar Evrópu sem sé helsta sölusvæði samrunaaðila. Taka samrunaaðilar fram að söluvörur þeirra séu nær alfarið seldar erlendis og því ekki ástæða til þess að álita markaðinn minni en Ísland allt. Þá telji samrunaaðilar að markaðurinn fyrir sölu á kollageni og tengdum afurðum nái að minnsta kosti til alls Evrópska efnahagssvæðisins.

Markaðurinn fyrir veiðar á fiski

Að mati samrunaaðila starfi fjöldi fyrirtækja á markaðnum fyrir veiðar á fiski hér á landi og verði engin breyting þar á við samrunann. Útgerðafélögin fjögur eigi hvert fyrir sig tilteknar aflahlutdeildir og selja í meginatriðum fisk erlendis. Taka samrunaaðilar fram að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sé engum heimilt að eiga meira en 12% af heildaverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæti ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Sé hlutdeild HB Granda 10,92% af heildarafla, Samherja um 6,24% Þorbjarnar um 5,14% og Vísis um 3,76%, eða samanlagt um 26,09%. Að mati samrunaaðila hafi stofnun Collagen lítil sem engin áhrif á veiðar eða útgerð félaganna. Þá sé, vegna takmarkanna laga um stjórn fiskveiða á heildaraflahlutdeild, útilokað að samrunaaðilar muni geta komist í markaðsráðandi stöðu auk þess sem samruninn varði ekki aðalstarfsemi verðandi eigenda Collagens.

Markaðurinn fyrir sölu á sjávarfangi

Hvað varðar markaðinn fyrir sölu á sjávarfangi þá telji samrunaaðilar að markaðurinn sé svo stór að hlutdeild íslenskra félaga sé hverfandi. Telja samrunaaðilar ekki ástæðu til þess að meta þá markaðshlutdeild af sérstakri nákvæmni. Ljóst sé að hlutdeild þeirra sé afar lág og viðsemjendur samrunaaðila á markaði margir hverjir stór og öflug félög.

Hráefnið til framleiðslu á kollageni sé lífrænt og hafi lengst af verið álitid úrgangur. Muni Collagen kaupa roð og annað til framleiðslunnar frá eigendum sínum og öðrum eftir



hentugleika. Ráðgert sé að samið verði við hvern og einn hluthafa Collagen sérstaklega um kaup á hráefni þegar fyrir liggi hvernig innkaupum félagsins verði háttað. Sé fyrirhugað að engar sérstakar skuldbindingar verði í þeim samningum hvað varði magn eða annað þannig að Collagen muni verða heimilt að kaupa hráefni af hverjum sem er.

Samrunaaðilar taka fram að ýmis fyrirtæki hafi reynt að framleiða afurðir úr fiskroði og öðrum hlutum fisks á undanförunum árum. Megi þar nefna Kerecis ehf., S. Iceland ehf. og Skinnfisk ehf. Af þessum aðilum séu það S. Iceland og Skinnfiskur sem hugsanlega hafi snertilöt við fyrirhugaða starfsemi Collagen þar sem Skinnfiskur selji fiskroð til gelatín framleiðslu og S. Iceland selji fiskroð. Að því leyti sem félögin noti sömu hráefni og Collagen megi líta á þau sem keppinauta Collagen. Taka samrunaaðilar fram að þar sem ofgnótt sé af fiskroði verði þó varla talið að það skipti máli hér. Fiskroð, bein og aðrir hlutar fisks sem lítið sé nýtt falli eðli málsins samkvæmt til í öllum fiskvinnslum landsins. Sé í reynd ofgnótt af slíku hráefni og því sé ekki ástæða til þess að ætla að samkeppni geti verið raskað hvað varðar sölu á fiskroði og öðrum hlutum fisks sem hingað til hafi verið hent. Að mati samrunaaðila sé verð á þessum eignum almennt frekar lágt enda standi flestir frammi fyrir kostnaði við að henda roðinu.

Yrði skilgreindur sérstakur markaður fyrir sölu á fiskroði sem undirmarkaður markaðarins fyrir sjávarfang, sem samrunaaðilar telji ástæðulaust, sé mögulegt að Collagen myndi ná allnokkurri markaðshlutdeild á þeim markaði. Félagið hafi þó ekki hafið starfsemi og hafi því enga hlutdeild enn sem komið er. Eins og framar segir er það mat samrunaaðila að það myndi varla þjóna sjálfstæðum tilgangi að skilgreina slíkan markað þar sem ofgnótt sé af hráefninu og sennilega verði meirihluta alls roðs sem til falli hent næstu árin.

Markaðurinn fyrir sölu á Kollageni

Samrunaaðilar taka fram að markaðurinn fyrir sölu á kollagen hafi verið í vexti á undanförunum árum og mikil eftirspurn sé eftir því og tengdum afurðum. Muni Collagen verða fyrsta fyrirtækið sem framleiði kollagen á Íslandi og félagið verði í dreifðri eignaraðild en þó í eigu útgerðafélaga. Hafi Collagen því tengsl við félög sem geti útvegað Collagen hráefni og eins við erlenda framleiðendur sem hafi aðgang að þekkingu á framleiðslunni. Erlendis sé kollagen almennt framleitt úr dýraskinni eða eldisfiski. Samrunaaðilar hafi ekki upplýsingar um hversu algeng lóðrétt samþætting sé í framleiðslu á kollageni í heiminum.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Í samrunatilkynningunni segir að verksmiðju Collagens sé ætlað að starfa í sérstöku húsnæði sem verði óháð eigendum. Verði félaginu skipuð sjálfstæð stjórn og hafi það á að skipa starfsfólki sem muni annast framleiðslu á kollageni til sölu hér á landi og til útflutnings. Þá taki Collagen ekki yfir neina starfsemi sem fram fari á vegum eigenda félagsins og verði allar ákvarðanir um rekstur og stefnu félagsins teknar með sjálfstæðum hætti.

Fram kemur í fylgigögnum með samrunaskránni að eigendur Collagen skuldbindi sig til þess að takmarka aðkomu sína að félaginu við hluthafafundi og skipun stjórnarmanna. Gildi um það ákveðnar reglur hvernig vikið verði frá upphaflegum áætlunum um félagið eða rekstraráætlunum hvers árs. Verði það ekki talið draga úr sjálfstæði félagsins enda eigi það almennt við um félög að þau hafi skýran tilgang samkvæmt samþykktum og starfi í samræmi við hann.



Í samrunatilkynningunni kemur fram að Collagen muni framleiða kollagen úr þorski sem veiddur sé úr sjó á norðurslóðum. Kollagen sé aðallega notað í matvæli en hluti þess fari í heilsuvörur, snyrtivörur, lyf og fleira. Fyrirhugað sé að reisa verksmiðju til framleiðslu kollagens í Grindavík. Framleitt verði úr þorskroði en svína- og kálfaskinn sé í dag mest notað til framleiðslu á kollageni. Samrunaaðilar taka fram að Collagen verði ekki skylt að kaupa hráefni af eigendum félagsins og að félaginu verði heimilt að kaupa það af hverjum sem er. Einnig sé ætlunin að haga innkaupum þannig að kostnaður sé í lágmarki. Þá sé Collagen ekki skuldbundið til þess að selja neinum sérstökum afurðir félagsins. Muni félagið sjálfst annast sölu á vörum sínum til áhugasamra kaupenda hérlendis og erlendis.

Að mati samrunaaðila sé ekki ástæða til þess að samruninn muni hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Vegna takmarkana í lögum um stjórn fiskveiða á heildaraflahlutdeild sé útilokað að samrunaaðilar muni geta komist í markaðsráðandi stöðu auk þess sem samruninn verði ekki aðalstarfsemi verðandi eigenda Collagens. Þess utan séu líkur á að markaðshlutdeild Collagens verði mjög lág á heimsvísu.

Hvað varðar markaði málsins telja samrunaaðilar áhrifa samrunans aðeins gæta á mörkuðum fyrir veiðar og vinnslu. Varði samruninn fyrst og fremst vinnslu afurða úr roði og öðrum hlutum fisks sem almennt sé hent. Er því haldið fram að enginn virkur markaður hafi hingað til verið fyrir fiskroð og bein en miklar framfarir hafi orðið á undanförunum árum í nýtingu á fiski og mögulegt sé að svo gott sem allur fiskurinn verði nýttur innan fárra ára.

Þá telja samrunaaðilar að samruninn muni hafa óveruleg áhrif á hérlenda neytendamarkaði. Með því að framleiðsla á kollageni fari að hluta til fram á Íslandi muni innlendir framleiðendur hafa aðgang að hráefninu án verulegs flutningskostnaðar og með minni gengisáhættu en ella. Geti það skapað hagstæðari skilyrði fyrir innlenda framleiðslu á vörum úr kollageni. Þar sem slík framleiðsla sé enn sem komið takmörkuð sé ólíklegt að neytendur muni finna verulega fyrir þessu. Hugsanlega geti skapast tækifæri í heilbrigðisþjónustu til þess að nýta það kollagen sem framleitt verði hér á landi. Skapi Collagen tækifæri fyrir frekari innlenda framleiðslu á kollagen vörum megi ætla að neytendur muni njóta góðs af auknu úrvali slíkra vara.

III.

Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið er sammála því mati samrunaaðila að um sé að ræða tilkynningaskyldan samruna á grundvelli 1. mgr. d. 17. gr. samkeppnislaga sem felst í stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samkeppniseftirlitið er í meginatriðum sammála samrunaaðilum um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum þessa máls. HB Grandi, Samherji, Þorbjörn og Vísir stunda veiðar



á fiski við Ísland og selja meginhluta hans erlendis en hluta hans hér á landi. Samkeppniseftirlitið telur þó að samrunaaðilar horfi of vítt í landfræðilegu tilliti hvað varðar skilgreiningu á markaði fyrir sjávarfang og sölu á kollageni. Nægilegt væri að miða landfræðilegu skilgreininguna við Ísland í stað allra Evrópu. Hér á landi hefur myndast markaður fyrir sjávarfang og einnig eru starfandi aðilar sem vinna úr roði og beinum ýmsar afurðir eins og samrunaaðilar benda á. Eins hefur kollagen verið til sölu hér á landi í ýmsum vörum þó að það sé í takmörkuðum mæli enn sem komið er. Þrátt fyrir framangreinda annmarka í skilgreiningu samrunaaðila þá telur Samkeppniseftirlitið að hún hafi ekki áhrif á megin niðurstöðu þessa máls þar sem að samrunaaðilar hvorki framleiða né selja, enn sem komið er, kollagen hér á landi. Þá telur Samkeppniseftirlitið að með stofnun Collagen verði enn til staðar nægilegt framboð á fiskroði og beinum frá samrunaaðilum eða öðrum útgerðum ef aukin eftirspurn verður eftir slíku hráefni.

Samkeppniseftirlitið getur ekki séð út frá gögnum málsins að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar út af sameiginlegu verkefni Samherja Íslands hf., HB Granda hf., Vísis hf. og Þorbjarnar hf. sem felst í stofnun á félaginu Collagen ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson